

Njarðvík, 10. júní 2008

## Skýrsla umhverfisteymis

Þetta skólaár er búið að vera viðburðaríkt. Það sem stendur þó upp úr er að við náðum þeim áfanga að fá Grænfánann afhentann við formlega athöfn 20. nóvember 2007. Mikil vinna var lögð í umsókn og matsskýrslu sem send var inn til Landverndar. Við fengum einnig fulltrúa frá þeim í heimsókn sem skoðuðu skólann og starfsemi okkar í umhverfismálum.

Umhverfisiráð skólans hittist 10 sinnum á skólaárinu. Nemendur í þessu ráði unnu að hugmyndavinnu í sambandi við umhverfisgát í skólanum og bjuggu til slagorð og áminningar sem þau settu upp í hverri skólastofu ásamt matsalnum. Þau undirbjuggu skoðanakönnun sem send var heim með nemendum. Nemendur unnu síðan úr könnuninni en endanleg úrvinnsla bíður til næsta hausts.

Þau komu einnig saman til þess að skrifa undir umhverfissáttmála skólans sem hangir uppi í hverri skólastofu og er áberandi öllum þeim sem inn í skólann koma.

Þeir nemendur sem voru í umhverfisiráðinu í vetur verða þar áfram næsta vetur nema hvað nemendur 10. bekkjar falla út og nýjir 5. bekkingar koma inn í staðinn.

Á þemadögum í skólalok var áhersla lögð á grenndarkennslu og endurvinnslu. Þetta voru vel heppnaðir dagar þar sem nemendur unnu margvísleg



verkefni og m.a. bjuggu til kerti úr kertaafgöngum sem safnað hafði verið allt skólaárið.

Kennara og starfsfólk vann í vetur samkvæmt umhverfissáttmála Njarðvíkurskóla og var það með svipuðu sniði og verið hefur síðustu ár m.a. með grenndarkennslu, þrif á skólalóð, endurvinnslu pappírs og endurnýtingu annarra hluta.

## Umhverfisráð Njarðvíkurskóla veturinn 2007-2008:

Fulltrúi skólastjórnenda	Ásgerður Þorgeirsdóttir.
Fulltrúi kennara	Margrét Stefánsdóttir.
Fulltrúi kennara	Margrét S Þórólfsdóttir.
Fulltrúi starfsmanna	Svanhvít Guðmundsdóttir.
Fulltrúi foreldra	Agnes Lára Magnúsdóttir.
Fulltrúar 10. bekkjar	Svavar Skúli Jónsson, Dagmar Traustadóttir og Soffía Ósk Kristinssóttir.
Fulltrúar 9. bekkjar	Óskar Örn Óskarsson og Helgi Már Vilbergsson.
Fulltrúar 8. bekkjar	Guðný Inga Kristófersdóttir og Sigurður Dagur Sturluson.
Fulltrúar 7. bekkjar	Eygló Alexandersdóttir og Ingibjörg Ýr Smáradóttir.
Fulltrúar 6. bekkjar	Hilmir Karl Hjörvarsson og Guðbjörg Ósk Einarsdóttir.
Fulltrúar 5. bekkjar	Salka Björt Kristjánsdóttir og Ragnar Helgi Ragnarsson.

Margrét Stefánsdóttir  
Margrét Þórólfsdóttir